

af fulltrúa borgarfógetans St. Gunnlaugssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið eftir beiðni bæjargjaldkera Reykjavíkur, en á ábyrgð bæjarsjóðs, að gera lögtak hjá Leifi E. A. Sigurðssyni til tryggingar ógoldnu útsvari til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1953, kr. 500.00 auk dráttarvaxta, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Fógeti leggur fram nr. 1, beiðni um gerðina, og nr. 2, útsvarsseðil. Skjölín hljóða svo: $\pm \pm$

Gerðarþoli er sjálfur mættur í réttinum, og skoraði fógeti á hann að greiða umkafið gjald, en hann kveðst eigi geta greitt.

Skoraði fógeti þá á gerðarþola að benda á eignir til uppskriftar og lögtaks og brýndi fyrir honum að segja satt og hverju það varðaði að lögum að skýra rangt frá fyrir rétti.

Síðan voru eftir tilvísun mætta eftirtaldir munir skrifaðir upp og virtir þannig:

Húseignin nr. 70 við Laugarnesveg. Fallið var frá virðingu.

Lýsti fógeti þá yfir því, að hann gerði lögtak í ofangreindum eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri útsvarsskuld auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, allt að geymdum betra rétti sérhvers þriðja manns.

Brýndi fógeti þá fyrir gerðarþola, að eigi mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn hátt, er færi í bág við gerð þessa, að viðlagðri hegningarábyrgð.

Miðvikudaginn 16. marz 1955.

Nr. 27/1955. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundsson)

gegen

Jean-Baptiste Germe (Magnús Thorlacius).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, athugað staðarákvarðanir yfirmanna á varðskipinu Þór í sambandi við töku togarans Cabillaud, B 2398, hinn 4. janúar 1955. Samkvæmt staðar-

ákvörðun kl. 0530 nefndan dag reyndist togarinn 1.3—1.4 sjómíllur innan fiskveiðitakmarkanna, samkvæmt staðar-ákvörðun kl. 0544 reyndist togarinn tæplega 1.5 sjómíllur innan fiskveiðitakmarkanna, og loks reyndist staður varðsipsins við hlið togarans kl. 0624 sama dag um 1.6 sjómíllur innan fiskveiðitakmarkanna.

Þá hafa þeir Friðrik V. Ólafsson skólastjóri og Þorgrímur Sigurðsson skipstjóri að fyrirlagi Hæstaréttar látið í té álit sitt um hafstrauma á þeim slóðum, er togari ákærða var tekinn. Voru þeir sérstaklega beðnir að láta í ljós álit sitt á því, hversu langan tíma það hefði tekið fyrir togarann að reka 1.5 sjómíllur að landi frá kl. 0515 hinn 4. janúar 1955. Segir svo í álitserð þeirra:

„Eins og kunnugt er, og sjá má af „Leiðsögubók fyrir sjómenn við Ísland“, 3. hefti, bls. 45 og 51, setur aðfallsstraumurinn yfirleitt vestur með landinu, og útfallsstraumurinn austur með því. Vegna áhrifa Golfstraumsins gætir vesturfallsins yfirleitt meir en austurfallsins, og með austlægum áttum getur verið um aðeins vesturfall að ræða. Í hægviðri mun gæta bæði vestur- og austurfalls, en vesturfalls þó meir.

Samkvæmt flóðtöflum hefur átt að vera austurfall við Ingólfshöfða kl. 0515 hinn 4. janúar s.l., þar eð árdegisflóð hefur verið þar kl. 0102 þann dag. Þar sem frekar hefur verið smástreymt á þessum tíma (nýtt tungl þ. 1. janúar), hefur austurstraumurinn verið frekar linur og hraði hans ekki yfir eina sml. á klst. að okkar álit. Stefna straumsins, álitum við, að hafi verið sem næst stefnu fiskveiðitakmarkanna á þessum slóðum, og ekki að landi, nema þá að litlu leyti.

Við getum því ekki svarað þeirri spurningu, hve lengi togarann hafi verið að reka 1.5 sml. að landi, en álitum, að rek hans fyrir straumi í 1.5 sml. hefði varla tekið skemmri tíma en tvær klst.“

Þegar varðskipið kom að togaranum, voru stjórnborðsvörpuhlerar hans hangandi í gálguum utanborðs og stjórnborðsvarpan óbundin og rennvot á þilfari. Ákærði hefur sjálfur skýrt svo frá, að varpan hafi verið dregin inn um kl. 0515 hinn 4. janúar 1955. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til gagna málsins um staðarákvarðanir

varðskeysins og hafstrauma á þeim slóðum, þar sem togarinn var tekinn, er sannað, að ákærði hefur verið að veiðum með botnvörpu innan fiskveiðitakmarkanna, og varðar brot hans við lagaákvæði þau, sem í héraðsdómi greinir. Er refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, enda er gullgengi íslenzkrar krónu óbreytt frá því, sem þar segir.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jean-Baptiste Germe, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einars B. Guðmundssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. janúar 1955.

Ár 1955, föstudaginn 7. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3/1955: Ákærvaldið gegn Jean-Baptiste Germe, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærði í máli þessu er Jean-Baptiste Germe, til heimilis í 49 Rue Carnot í Le Portel á Frakklandi, skipstjóri á togaranum Cabillaud, B 2398, frá Boulogne á Frakklandi. Í ákæruskjali er hann sakaður um brot á fiskveiðilöggjöfnni samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara að morgni hins 4. janúar 1955 úti af Ingólfshöfða innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, samanber lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952. Til vara er hann ákærður fyrir brot á 2. gr. laga nr. 5/1920, með því að hafa verið á nefndum stað og tíma með ólöglegan umbúnað veiðar-

færa. Ákærður er hann til refsingar samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, samanber lög nr. 5/1951, til upptöku afla og veiðarfæra togarans. að því er aðalkröfuna varðar, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. maí 1916 í Frakklandi, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu fyrr hér á landi, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu Eiríks Kristóferssonar, skipherra á varðskipinu Þór, var varðskipið á eftirlitsferð austur að Ingólfshöfða að morgni hins 4. þessa mánaðar, og sást þá kl. 0510 togari, sem víst þótti, að væri í landhelgi. Kl. 0530 var gerð eftirfarandi staðar-ákvörðun: Ingólfshöfði miðast í réttvisandi 8°, fjarlægð 6.2 sjómílar, og togarinn miðast í réttvisandi 34°, fjarlægð 5.5 sjómílar. Kl. 0544 miðast Ingólfshöfði í réttvisandi 341°, fjarlægð 5.0 sjómílar, og togarinn miðast í 12° réttvisandi, fjarlægð 3.5 sjómílar. Sneri þá togarinn á stjórnborða og virtist vera að vinda upp vörpu. Kl. 0556 sneri togarinn og setti á ferð út og austur. Kl. 0557, 0559 og 0601 var skotið púðurskotum frá varðskipinu. Kl. 0604 var enn skotið púðurskoti og einnig reynt að kalla á togarann með ljósmerkjum, en hann sinnti því ekki. Kl. 0613 var skotið kúluskoti með stjórnborðshlið togarans, kl. 0620 var skotið púðurskoti, og kl. 0623 var skotið kúluskoti að reyk háf togarans, og nam hann þá staðar. Kl. 0624 nam varðskipið staðar við hlið togarans, sem reyndist vera Cabillaud, B 2398, frá Boulogne, og voru stjórnborðsvörpuhlerar hans hangandi í gálum utanborðs.

Var þá strax gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Ingólfshöfði miðast í réttvisandi 258°, fjarlægð 7.1 sjómíla, dýpi 87 metrar. Í sama mund var settur út bátur frá varðskipinu og ákærði, skipstjóri togarans, sóttur og jafnframt athuguð veiðarfæri togarans. Stjórnborðsvarpan var óbundin á þilfari og rennvot, fiskur lifandi á þilfari og í netinu og óaðgerður fiskur hafði verið látinn niður í lest.

Ákærða var bent á, að allt benti á það, að hann hefði verið að veiðum í landhelgi. Skipherra skildist ákærði viðurkenna, að hann væri á landhelgissvæðinu, en bera á móti því að hafa verið að veiðum. Voru þá sóttir þrír lifandi fiskar yfir í togarann og ákærða sýndir þeir. Vörður var settur í togarann og ákærða tilkynnt, að farið yrði með togarann til hafnar til rannsóknar máls hans og að ákærða yrði sjálfum haldið í varðskipinu vegna þess, að hann hefði ekki sinnt aðvörunarskotunum og numið staðar.

Staður togarans, sem mældur var kl. 0530 og merktur er I á framlögðu sjókorti, er 1.4 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Staður togarans, sem mældur var kl. 0544 og merktur er II á sjókortinu, er 1.7 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Staður togarans, þar sem hann nam staðar og merktur er III á sjókortinu, er 1.5 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Hægviðri var, skýjað loft og sjór S 2. Kl. 0750 lögðu skipin af stað til Reykjavíkur og komu þangað kl. 0330 hinn 5. þ. m.

Allar framangreindar staðarákvarðanir gerði skipherrann og þeir stýrimenn varðsksipsins sameiginlega og notuðu til þeirra ratsjá og gíró-áttavita. Stýrimennirnir hafa allir staðfest skýrslu skipherra, þó þannig, að tveir komu ekki á stjórnþall fyrir en rétt fyrir kl. 0530. Er því sannað, að togarinn var á hinum mældu stöðum á þeim tímum, sem í skýrslunni eru greindir, enda hefur ákærði viðurkennt allar framangreindar staðarákvarðanir réttar og engar athugasemdir gert við tímamörk skýrslunnar.

Hann neitar því hins vegar að hafa verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarkanna og skýrir svo frá, að staðið hafi yfir viðgerð á botnvörpu togarans og hann þá rekið inn fyrir fiskveiðitakmarkalínuna, án þess að ákærði gerði sér grein fyrir því. Í togaranum er ratsjá og seguláttaviti, og notaði ákærði þau tæki við staðarákvarðanir sínar á þeim tíma, sem hér skiptir máli, og telur hann þær ekki eins nákvæmar og verið hefðu, ef gíró-áttaviti hefði verið notaður í stað seguláttavita.

Ákærði hefur skýrt frá siglingu togarans og athöfnum hans á þá leið, að hann hafi verið nýkominn á miðin úr heimahöfn og byrjað að toga kl. 0200—0215 eftir íslenskum tíma hinn 4. þ. m., togað tvö tog, og hafi hinu síðara verið lokið um kl. 0515 og varpan þá dregin inn. Þegar hann kastaði vörpunni í fyrra toginu, mældi hann stað togarans, og reyndist hann vera 10 sjómílur suðaustur af Ingólfshöfða. Fyrst togaði hann í norðvestur í 30 mínútur, en sneri síðan og togaði suðaustur í 40 mínútur og innbyrti síðan vörpuna. Leið þá nokkur stund, sem ákærði man ekki nákvæmlega, hve löng var, en gizkar á, að verið hafi 20—25 mínútur. Að þeirri stundu liðinni kastaði hann vörpunni að nýju og togaði í norðvestur í eina klukkustund og 10 mínútur. Var varpan þá innbyrt, og lá togarinn síðan ferðlaus og lét reka, þar til hann setti á ferð út og austur, eins og í skýrslu skipherra varðsksipsins segir, en það var kl. 0556. Ákærði kveðst hafa mælt með ratsjá staðinn, þar sem varpan var innbyrt í síðara skiptið, en ekki hafa merkt hann á sjókort sitt. Hann hefur í rannsókn málsins merkt þenna stað eftir minni, og er merkið aðeins utan við fiskveiðitakmarkalínuna. Þegar varpan var innbyrt, kom í ljós, að hún var rifin á um tveggja metra kafla, og var þá farið að gera við bilun þessa, og hafa báðir stýrimenn togarans og loftskeytamaðurinn staðfest, að viðgerð þessi hafi farið fram, og tveir skoðunarmenn, sem dómurinn kvaddi til að skoða vörpuna, hafa staðfest, að hún sé nýviðgerð á kafla og að svo líti út sem hún hafi ekki komið í vatn eftir þá viðgerð. Ákærði segir viðgerðinni hafa verið lokið, þegar hann lagði af stað út og austur í því skyni að halda áfram veiðum. Á leiðinni gerði hann ratsjarmælingu og varð þess vísari, að hann væri innan fiskveiðitakmarkanna, og var það fyrst eftir þetta, sem hann kveðst hafa heyrt skot varðsksipsins. Telur hann sig ekki hafa heyrt nema þrjú síðustu skot varðsksipsins og hafa álitid þau vera merki til sín. Hann neitar

að hafa flúið undan varðskipinu, en þar sem öruggt telst, að hann, sem var á stjórnþalli togarans, allan þann tíma, sem hér skiptir máli, hafi heyrt fleiri skot varðskipsins en hann viðurkennir, og þar sem hann nam ekki staðar fyrr en eftir annað kúluskotið, telst sannað, að hann hafi reynt að flýja undan varðskipinu. Ákærði viðurkennir, að ástand veiðarfæraanna og aflans í togaranum hafi verið svo sem í skýrslu skipherrans segir, það er að segja stjórnborðshlerar hafi hangið í gálum utanborðs, stjórnborðsvarpan hafi verið rennvot, óbundin á þilfari og spriklandi fiskur hafi verið bæði á þilfari og í lest og einnig í vörpunni, en þess ber að gæta, að III. stýrimaður varðskipsins, sem fyrstur fór um borð í togarann og var þar samfleytt á verði frá þeim tíma, unz komið var til hafnar, sá ekki fisk í vörpunni. Hins vegar sáu hann og þrír aðrir varðmenn spriklandi fisk á þilfari togarans, og stýrimaðurinn og einn hinna, Pétur Skagfjörð Stefánsson háseti, sáu spriklandi fisk í lestinni. III. stýrimaður varðskipsins og Pétur sáu, að ástand veiðarfæraanna var, svo sem lýst hefur verið, og sérstaklega aðgætti Pétur, sem er vanur togaramaður, hvort hnýtt væri fyrir vörpupokann, sem lá á fordekkinu hjá fiskinum, og var svo ekki. Þegar ákærði var kominn yfir í varðskipið og hafði neitað veiðunum innan fiskveiðitakmarkanna, var sent eftir sýnihorni aflans yfir í togarann. Tveir varðskipsmenn fluttu þrjá fiska (þorska) yfir í varðskipið og lögðu þá þar frá sér. Bera þeir báðir, skipherrann og tveir stýrimenn varðskipsins, sem allir sáu þessa fiska í varðskipinu, að þeir hafi verið spriklandi.

Ákærða voru sýndir fiskar þessir þar, og segir hann þá hafa verið nýja, en ekki kveðst hann hafa séð þá hreyfast. Dómurinn hefur aflað sér vottorðs Fiskideildar Atvinnudeildar Háskólans um það, hve lengi þorskur og ýsa geti lifað á þilfari togara, og segir í vottorðinu, að sé veður þurrt og ekki gangi sjór yfir þilfar, geti fisktegundir þessar aðeins lifað nokkrar mínútur, en það fari þó nokkuð eftir því, hvar fiskurinn er í kösinni, hve lengi hann lifi. Telur fiskdeildin 30—40 mínútur hámark við hagstæðustu skilyrði.

Upplýst er með skýrslu ákærða og á annan hátt, að togarinn var með vinnuljósum á þilfari og fiskiljósum á siglutrjám fram að því, að hann tók að sigla út og austur frá landinu, en þá voru höfð uppi siglingaljós. Kveðst ákærði hafa látið fiskiljósinn loga, eftir að varpan hafði verið dregin inn, og enda þótt þetta sé andstætt siglingareglum, viðgangist það á skipum. Skipherra varðskipsins og allir þrír stýrimenn þess sáu togarann snúast, svo sem greint er í skýrslu skipherrans, og álitu þeir, að hann væri þá að draga inn vörpuna. Sá stýrimennirnir, að togarinn vissi upp að landinu, áður en hann tók að snúast. Vegna myrkurs sást varpan ekki, en snúningur togarans benti að þeirra áliti til þess, að verið væri að innbyrða vörpuna.

Allar vitnaskýrslur varðskipsmanna og manna af togaranum í máli þessu eru eiðfestar.

Ákærði kveðst hafa lokið við að draga inn vörpuna um kl. 0515 og þá hafa verið aðeins utan fiskveiðitakmarkalínunnar og hafi togarinn síðan verið ferðlaus um tíma, svo sem áður segir. Hins vegar viðurkennir hann stað togarans 1.4 sjómílu innan takmarkalínunnar kl. 0530 samkvæmt mælingum varðskipisins, og ætti togarann samkvæmt því að hafa rekið sem næst tvær sjómílur í áttina til lands á um stundarfjórðungi eða e. t. v. lítið eitt lengri stund, ef tímamark ákærða er ekki tekið nákvæmlega. Þetta telur dómurinn fráleitt, því að hægviðri var og sjór mjög stilltur (S2) og straumur á þessum slóðum liggur yfirleitt með landinu, en ekki að landi, en skipherra varðskipisins álitur — án þess þó að styðjast í því við mælingu — að straumurinn hafi í þetta sinn legið frá landinu sökum mikilla vatnavaxta vegna undanfarandi leysinga. Kl. 0624 var lifandi fiskur í togaranum, og sýnir það samkvæmt framangreindu álitu fiskideildarinnar, að varpan hefur eigi verið innbyrt lengri tíma áður en 30—40 mínútum í hæsta lagi, en frá þeim tíma er sannað með mælingum varðskipisforingjanna, viðurkenndum af ákærða, að togarinn var innan fiskveiðitakmarkanna.

Með þessu tvennu, sem styrkt er fleiri rökum, svo sem snúningi togarans, flótta hans og ástandi veiðarfæra, telst nægilega sannað gegn neitun ákærða, að togarinn hafi verið á botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarkanna við margnefnt tækifæri.

Með þessu hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og þykir refsing hans samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og með tilliti til núverandi gullgengis íslenzkrar krónu og stærðar togarans, sem er 576.45 brúttó smálestir, hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Allan afla og veiðarfæri togarans, þar með talda dragstrengi, ber að gera upptæka til handa sama sjóði.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 1000.00.

Dóm þenna kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Jean-Baptiste Germe, greiði 74.000.00 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Allur afli og veiðarfæri togarans Cabillaud, B 2398, þar með

taldir dragstrengir, skulu vera upptæk til handa Landhelgis-sjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-laun verjanda síns, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 1000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 18. marz 1955.

Nr. 193/1953. **Stefán Friðriksson, eigandi Glæsibæjar,**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Árna J. Hafstað, Sigurði Hafstað, Hauki Hafstað og Halldóri Hafstað, eigendum Víkur.

(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísunarkröfu hrundið.

Úrskurður Hæstaréttar.

Hinn 24. september 1953 var dómur kveðinn upp í landamerkjadómi Skagafjarðarsýslu í landamerkjamáli milli stefndu og áfrýjanda. Með dómi þessum var áfrýjanda meðal annars dæmt að greiða stefndu kr. 3000.00 í málskostnað. Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. desember 1953 í því skyni að fá héraðsdóminn úr gildi felldan og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju í samræmi við kröfur hans fyrir héraðsdómi.

Stefndu hafa borið fram kröfu um frávísun málsins frá Hæstarétti, og hefur farið fram sérstakur málflutningur um hana samkvæmt 42. gr. laga nr. 112/1935. Krefjast stefndu þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins. Áfrýjandi krefst þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið og að þeim verði dæmt in solidum að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Frávísunarkröfuna reisa stefndu á því, að áfrýjandi hafi